

Tollskrárnúmer	Vöruheiti
90.28.50	Amper- og voltmælar; einnig aðrir rafmagnsmælar í stjórnborði flugvéla.
90.29.09	Varahlutir í mælitæki sem njóta undanþágu í vöruliðum 90.23, 90.24 og 90.26 til 90.28.
91.03.00	Klukkan, sérstaklega gerðar fyrir flugvélar.
91.11.00	Varahlutir í klukkan sem flokkast undir tnr. 91.03.00.
94.01.13	Sæti í flugvélar.

2. gr.

Það skilyrði er sett fyrir framangreindri niðurfellingu, að innflytjandi lýsi því yfir á aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni, að varan sé eingöngu ætluð til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.

Niðurfellingin tekur einungis til þeirra innflutningsaðila sem stunda rekstur, viðgerðir eða framleiðslu á flugvélum í atvinnuskyni. Í vafatilvikum ber innflytjanda að sýna töllyfirvöldum fram á með vottorði viðkomandi skattstofu, að hann hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna af rekstri, viðgerðum eða framleiðslu flugvéla næstliðið skattár.

3. gr.

Auglýsing þessi birtist til að öðlast gildi þegar í stað og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing ráðuneytisins nr. 86 frá 6. mars 1975 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 1. mars 1977.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Björn Hafsteinsson.

G J A L D S K R Á

fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir eftirlit með verksmiðjum, vinnustöðum og vélum, svo sem hér segir:

A. Persónugjald:

Fyrir verkamann eða konu, sem vinnur í fyrirtæki, skal greiða árlega kr. 270.00. Skal tala verkafólks miðuð við það, sem hún er þegar fyrirtæki er í fullum gangi við venjulegan rekstur, t. d. vertíðarrekstur frystihúsa eða síldarverksmiðju.

B. Eimkatlar og hylki fyrir þrýsting:

1. flokkur: Gjald kr. 1 500.00.

Lágþrýstieimkatlar með allt að 2 kg/cm² þrýstingi og katlar með hærri þrýstingi, sem hafa allt að 2 m² hitaflöt. Opnir eimhitaðir geymar og lokuð eimhituð hylki með allt að 2 m³ rúmtaki. Þrýstiloftshylki og hylki fyrir aðrar gastegundir með allt að 2 m³ rúmtaki.

2. flokkur: Gjald kr. 2 250.00.

Eimkatlar, sem hafa meiri þrýsting en 2 kg/cm² og eru með hitaflæti frá 2 m² til 30 m². Lokuð eimhituð hylki, sem hafa stærra rúmtak en 2 m³. Eimhitaðir suðu-

katlar og þurrkarar. Þó suðuketill eða þurrkari sé með hræribúnaði eða öðrum hreyfibúnaði reiknast aðeins gjald vegna aflvélar, en ekki vegna vélabúnaðar. Reykhitaðir forkatlar og yfirhitunarkerfi. Þrýstiloftshylki og hylki fyrir aðrar gastegundir með þrýstingi meira en 2 m³ rúmtaki.

3. flokkur: Gjald kr. 6 000.00.

Eimkatlar með meira en 30 m² hitafleti.

C. Aflvélar:

Af hverju hestafli aflvélar greiðist kr. 48.00.

Fyrir hvern rafmótor, sem notaður er til aflyfirfærslu frá eigin rafstöð fyrirtækis greiðist kr. 48.00.

D. Vinnuvélar:

1. flokkur: Gjald kr. 48.00.

Dætur sem nota allt að 5 hö., ádráttarsteinar (smergelskífur), fægivélar skósmíða, hnappagatavélar, sníðavélar, saumavélar, leðurgerðarvélar, loftblásarar undir 2 hö.

2. flokkur: Gjald kr. 180.00.

Dætur sem nota frá 5 til 10 hö., hræritæki í kerjum, málmsmíðavélar, loftblásarar yfir 2 hö., plastiðnaðarvélar, gúmmigerðarvélar, reyklásarar, þrýstiloftsbjöppur allt að 5 hö., brjóstssykurgerðarvélar, gosdrykkjagerðarvélar, bókbandsvélar, mjólkurstöðvarvélar, brauðgerðarvélar, skógerðarvélar, prjónavélar, roðfletti- vélar, marningsvélar, færíbönd 2—5 m að lengd.

3. flokkur: Gjald kr. 450.00.

Trésmíðavélar, prentvélar, vökvapþrýstipressur, hjámiðjuþrýstipressur, skrófu- pressur, niðursuðuvélar, sápuverðarvélar, málningagerðarvélar, fataþvottavélar, gærurotunarvélar, sítunarvélar, steinsmíðavélar, grjótmulningsvélar, flöskuáfyll- ingarvélar, síldar- og fiskimjölsvélar, olíuskilvindur, ullarþvottavélar, flókagerðar- vélar, tuskutætarar, dætur yfir 10 hö., hampvinnsluvélar, pappagerðarvélar, fisk- þvottavélar, pönnufrýstítæki, færíbönd 5—10 m. l.

4. flokkur: Gjald kr. 900.00.

Ullarvinnsluvélar, skipadráttarvindur, einfaldar lyftivindur, þrýstiloftsbjöppur 10 hö. og meira, gasframleiðslutæki, flöskuþvottavélar, matarlyftur að 50 kg. Færi- bönd 10 m og lengri, lokubúnaður í vatnsorkuverum, rækjupillunarvélar, hausunar- vélar.

5. flokkur: Gjald kr. 1 800.00.

Brettatrillur og brettalyftarar, bifreiðalyftur, sjálfvirkar pappaprentvélar, vöru- lyftur 50—350 kg. Rúllustigar, sýningarklefar, málarastólar, verkpallar í strengjum, steypuhrærivélar, flatningsvélar, flökunarvélar, skipadráttarvagnar, tvibrauta lyfti- búnaður, málmbræðsluker með hreyfibúnaði. Fisklöndunartæki (grabbar).

6. flokkur: Gjald kr. 4.500.00.

Fólkslyftur og aðrar sjálfvirkar lyftur með fallhemlum, fallhamrar (aflvélagj. innifalið). Vöru-lyftarar með sæti, vöru-lyftur yfir 350 kg, færibrautir í sláturhúsum.

7. flokkur: Gjald kr. 6.000.00.

Dráttarvélar, vegabjöppur, vegheflar og aðrar vegagerðarvélar, jarðýtur, ámokstursvélar, skurðgröfur og aðrar svipaðar vélar, litlir farandkranar (bómul. minna en 8 m, lyftigetá minna en 2 tonn). Litlar steypustöðvar.

8. flokkur: Gjald kr. 9 000.00.

Farandkranar, byggingakranar, fisklöndunarkranar, malarvinnslusamstæður og aðrar svipaðar vélar, steypustöðvar stórar.

E. Frystivélar:**1. flokkur: Gjald kr. 450.00.**

Frystivélar með allt að 10 000 kcal/h afköstum.

2. flokkur: Gjald kr. 1 200.00.

Frystivélar með 10 000 til 20 000 kcal/h afköstum.

3. flokkur: Gjald kr. 2 100.00.

Frystivélar með 20 000 til 50 000 kcal/h afköstum.

4. flokkur: Gjald kr. 4 500.00.

Frystivélar með yfir 50 000 kcal/h afköstum.

F. Byggingamannvirki og verkpallar:

Vegna byggingamannvirki, sem eru í smíðum, greiðist kr. 2.40 af hverjum rúmmetra þess. Heimilt er þó að veita 50% afslátt af gjaldi af stórum byggingum með mjög litlum innréttingum.

Ef verkpallar eru notaðir við endurbætur, lagfæringar eða málun húsa eða skipa eða við hleðslu á vörum, greiðist kr. 9.00 fyrir hvern hlaupandi lengdarmetra verkpalls. Þó skal ekki greiða gjald af verkpöllum, sem eru í minna en tveggja metra hæð frá jörðu.

G. Losun og lestun:

Í hvert sinn, sem skip kemur frá erlendri höfn eða affermir vörur hér við land skal það greiða gjald vegna öryggiseftirlits þannig:

Skip, sem eru 100 til 1000 brúttólestir greiði kr.	3 000.00.
Skip, sem eru 1000 til 2000 brúttólestir greiði —	6 000.00.
Skip, sem eru 2000 til 3000 brúttólestir greiði —	9 000.00.
Skip, sem eru 3000 brúttól. og þar yfir greiði —	12 000.00.

Er viðkomandi embættismönnum falið að innheimta eftirlitsgjaldið samkvæmt gjaldskránni með öðrum skipagjöldum við tollafgreiðslu skipanna við komu þeirra frá erlendri höfn, enda verði gjöldin aðeins tekin þar sem eftirlitsmenn eru starfandi.

Skip, sem fermir eða affermir vörur í strandferðum, skal einu sinni fyrir hvern mánuð, sem það siglir milli milli hafna greiða gjald skv. gjaldskránni, enda hafi það ekki flutt vörur milli Íslands og annarra landa á sama tíma.

Gjald skv. 3. mgr. innheimtist eftir reikningi, sem Öryggiseftirlit ríkisins gefur út með sama hætti og önnur gjöld fyrir öryggiseftirlit á föstum vinnustöðum.

H. Húsakynni án véla:

Fyrir íbúðarskála verkafólks greiðist kr. 18.00 af hverjum fermetra gólfflatar. Fyrir hverja eftirlitsskylda vinnustofu án véla, svo sem saumastofur, þvottahús, netagerðarstofur, seglasaumastofur, vinnustofur í frystihúsum, sláturhús o. s. frv., greiðist kr. 9.00 fyrir hvern fermetra gólfflatar. Fyrir víðáttumikil vinnuhús, þar sem tiltölulega fáir vinna að staðaldri, svo sem fiskþvottahús og opin vinnuskýli, greiðist kr. 4.50 fyrir hvern fermetra gólfflatar.

I. Hávaðamæling, gasmæling eða þrýstiraun rýma, kerja eða geyma og önnur sérþjónusta:

Fyrir hverja hávaða- eða gasmælingu rýmis, kers eða geymis í landi greiðist kr. 3 000.00.

Fyrir gasmælingu olíugeyma í skipum greiðist kr. 3 000.00 fyrir fyrsta geymi og síðan kr. 1 125.00 fyrir hvern geymi. Fyrir gasmælingu vélarrúms eða dælurúms greiðist ekki gjald, nema eingöngu sé mælt í því. Sé gasmæling eða önnur þjónusta framkvæmd utan hins reglulega vinnutíma öryggiseftirlitsins samkvæmt ósk eiganda eða notanda geymis eða skips, skal hann greiða þeim starfsmanni öryggiseftirlitsins, sem þjónustuna framkvæmir, yfirvinnu þá sem þjónustan leiðir af sér.

Fyrir þrýstiraun katla eða geyma, sem eru minni en 2 m³ að rúmtaki eða með minni þrýsting en 2 kg/cm² greiðist kr. 1 800.00 en fyrir stærri katla kr. 2 400.00.

2. gr.

Fyrir vinnuvélar, sem ekki eru nefndar í gjaldskránni, greiðist hlutfallslega eftir því hve stór og margbrotin vélin er, frá kr. 48.00 til kr. 9 000.00.

Þó skoðun fari fram oftár en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni, nema framkvæma þurfi aukaeftirskoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskipaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald sbr. 10. gr. starfsreglna fyrir Öryggiseftirlit ríkisins. Sé að beiðni fyrirtækis skoðun framkvæmd auk hinnar árlegu skoðunar greiðist minnst kr. 2 000.00. Árlegt lágmarksgjald vegna skoðunar hjá fyrirtæki er kr. 2 500.00.

3. gr.

Vegna meðferðar hættulegra efna, sbr. lög nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni og reglugerð nr. 455/1975 um eftirlit með framkvæmd ákvæða sömu laga, greiði eftirlitsskyld fyrirtæki, sem nota, flytja, framleiða eða geyma þessi efni, tvöfalt persónugjald, samanber A-lið þessarar gjaldskrár og auk þess fast gjald kr. 4 000.00 séu starfsmenn færri en 5, gjald kr. 8 000.00 séu starfsmenn frá 5—10, gjald kr. 12 000.00 ef starfsmenn eru fleiri.

Er þá aðeins átt við verkamenn, sem hættuleg efni ná eða geta náð til á vinnustaðnum. Vegna gassuðutækja eða rafsuðutækja greiðist kr. 1 500.00.

4. gr.

Fyrir skoðunarskyld heitvatns- eða miðstöðvarkerfi greiðist kr. 8 000.00 fyrir hvert ár, sem skoðun fer fram að beiðni ráðamanna kerfisins eða skoðun er framkvæmd samkvæmt skoðunarskyldu.

5. gr.

Reynist tekjur eftirlitsins ekki nægar samkvæmt gjaldskrá þessari, til að standa undir kostnaði við framkvæmd eftirlitsins, er öryggismálastjóra heimilt, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að hækka gjöldin um allt að 25% eftir því sem með þarf.

6. gr.

Þegar teikningum af fyrirhuguðum breytingum fyrirtækis eða fyrirkomulagi fyrirtækis, sem fyrirhugað er að reisa, eru sendar eftirlitinu til umsagnar, greiðist ekki gjald fyrir umsögnina. Þurfi eftirlitsmaður, að ósk eiganda að takast sérstaka ferð á hendur vegna umsagnar um öryggismál, úttektar eða fyrirkomulags utan hinna áætluðu skoðunarferða skal eigandi greiða þann kostnað, sem af ferðinni leiðir.

7. gr.

Fyrir önnur störf en þau, sem gjaldskráin gerir ráð fyrir en eðlilegt eða skyllt er að stofnunin gegni, greiðast gjöld með hliðsjón af gjaldskránni eftir því hve umfangsmikil störfín eru.

8. gr.

Fyrirtæki, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö., skulu undanþegin eftirlitsgjaldi, nema annað sé ákveðið af öryggismálastjóra, enda sé vinnu þannig háttáð, að eftirlits sé eigi brýn þörf.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 47. gr. laga nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sbr. lög nr. 52 20. maí 1955, um breytingu á þeim lögum, öðlast gildi 1. janúar 1977 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum nr. 72 24. mars 1976.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. mars 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

11. Um kWst.-mæli á kr. 51.60.
12. Um kWst.-mæli á kr. 21.60 hverja kWst. auk fastagjalds af gölffleti í rúmi því, er lýsa skal.
Fastagjald reiknast þannig:
 - a. Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 17.20 á ferm. á mánuði.
 - b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. h. kr. 8.50 á ferm á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kWst.-mæli kr. 12.70 á hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 94.00 á mánuði af hverju herbergi.
Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íbúðarherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm. telst sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

31. Um einn kWst.-mæli þannig: Á kr. 35.30 hverja kWst. ársnotkun.
32. Kr. 10.70 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
33. Kr. 14.00 hver kWst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.
Til iðnaðar, ef uppsett vélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW.
34. Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:
Aflgjald af notuðu afli kr. 13 344.00 á kWst. á ári.
Orkugjald af allri orkunotkun kr. 4.80.
35. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:
Um kWst.-mæli á kr. 4.80 hverja kWst., auk fastagjalds kr. 10 538.00 á ári fyrir hvert kW. í málraun véla.